

Stjórnarfundur 8. ágúst 2025

Siglingafélagið Vogur – Garðabæ

Fundinn sátu

- Erlendur Kristjánsson – Formaður
- Katrín Guðmundsdóttir
- Helga Raket Guðrúnardóttir
- Svanur Daníelsson
- Jón Víðir Þorsteinsson

Dagskrá

1. Fundurinn fór fram á húsnæði félagsins að Ránargrund 2 enda tilefni fundarins að fara yfir aðstöðumálin.
2. Rafmagn, heitt og kalt vatn hefur ekki verið tengt og stendur það á Garðabæ.
3. Rampur var hreinsaður fyrr í sumar. Rætt um að fá þökur til að ganga frá kanti.
4. Eftir að vinna nokkur lítil verk við húsið að Ránargrund og þrifa vel eftir það.
5. Áætlað er að kaupa borð og stóla, litla eldhúsinnréttingu og útbúa skiptiklefa.
6. Fara þarf yfir sjúkrakassa og kaupa inn það sem upp á vantar.
7. Það stendur til að setja Sauna hús á lóðina á næstu dögum sem verður til afnota fyrir félagsmenn.
8. Jón Víðir ætlar að skoða með fiskikör til að nýta sem potta við félagið og gám til að geyma kajaka og annan búnað í.
9. Plan að setja upp girðingu næstu daga til að vernda báta og búnað á lóð félagsins.
10. Setja þarf upp skilti með nafni félagsins og vefsíðu. Þarf að hanna og láta útbúa.
11. Helga ætlar að hafa samband við stjórn Ýmis varðandi lán á bátum þaðan sem verða sóttir á næstu dögum.
12. Hugmynd að skrifa í Garðapóstinn og óska eftir bátum til láns og því hvort að íbúar eigi gamlar myndir af starfi félagsins.

Fundargerð ritaði: Helga